



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. október 2013

**Efni: Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014, 3. mál.**

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem snúa að áætlun fjárlagafrumvarpsins, bæði á tekjuhlíð og gjaldahlíð.

**Verðlagsuppfærsla einstakra skatta og gjalda**

Í frumvarpinu er að finna hækkunir á krónutölusköttum og gjaldskráum um 3% sem er í takt við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Samtök atvinnulífsins hafa lagt áherslu á bætt lífsskjör með því að vinna á verðbólgunni.

Hóflæg verðbólga undanfarna sjö mánuði, sem samsvarar til 2,2% verðbólgu á ársgrundvelli, og stöðugt gengi krónunnar vekur vonir um áframhaldandi hjöðnun hennar á næstu mánuðum og að koma megi í veg fyrir að hún fari á flug á ný. Til að svo geti orðið verða bæði opinberir og einkaaðilar að halda aftur af hækkun gjaldskráa sinna og verðhækkun á vöru og þjónustu. Náist um það viðtæk samstaða myndu litlar sem engar hækkunir á krónutölusköttum og gjaldskráum vera mikilvægt framlag opinberra aðila til lækkunar verðbólgu.

**Breyting á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta**

SA hafa lagt til að fyrirkomulag orku- og auðlindaskatta verði tekið til endurskoðunar þegar fyrir lægi útfærsla á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir hér á landi. Við það yrði miðað að ekki væri á sama tíma verið að skattleggja aðföng og losun gróðurhúsalofttegunda líkt og nú er gert t.d. gagnvart þeim fiskimjölsverksmiðjum þar sem olía er meginuppistaða orkunotkunar. SA leggja til að komið verði í veg fyrir slíka tvísköttun.

**Breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara**

SA fagna því að fyrirhugað sé að draga úr umfangi og hagræða í starfsemi FME og UMS á næsta ári og telja að fyllsta ástæða sé til að gera enn betur í þá veru á næstu árum. Umfang fjármálastarfseminnar í landinu er mun minna en fyrir bankahrun og ætti að endurspeglast í minna umfangi FME. Þá eru skuldamál heimila að komast í betra horf með hverju ári sem líður sem gefur tilefni til að draga úr starfsemi UMS. Loks er ástæða til að kanna nánar hvort opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi megi sinna með einfaldari og ódýrari hætti án þess að hagræðing beinist sérstaklega að efnislegum kröfum til atvinnulífsins.

**Breyting á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki**

Sjá sameiginlega umsögn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Samtaka sprotafyrirtækja, dags. 24. október 2013.



### **Breyting á lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald**

Lög nr. 60/21012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu, eiga sér stoð í samkomulagi milli viðsemjenda á almennum og opinberum markaði og stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga. Frestun á fullri þátttöku ríkisins í þessu mikilvæga starfi, sem sparar ríkissjóði mikil útgjöld í formi örorkulífeyris, er gert án samráðs við þá aðila sem standa að VIRK starfsendurhæfingarsjóði. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að fyrirhuguð frestun á hækkun framlagi ríkissjóðs til starfsendurhæfingarsjóða verði gerð með samkomulagi við þá sem komu að upphaflega samkomulaginu.

### **Brottfall laga nr. 51/1995, um greiðslur atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.**

Í frumvarpinu er lagt til að felldar verði brott frá og með 1. janúar 2014 greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslufyrirtækja vegna fiskvinnslufólks sem nýtur kauptryggingar á grundvelli kjarasamninga, þegar vinna liggur niðri vegna hráfnisskorts. Í greinargerð er sagt að um sé að ræða hluta af sértækum aðhaldsaðgerðum til að bæta afkomu ríkissjóðs. Hvorki þar né í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis er hins vegar tilgreind fjárhæð þar að lútandi.

SA leggja gegn niðurfellingu þessara laga, enda verður ekki séð að það leiði til sparnaðar þegar litið er á málið í heild. Í nóvember 2012 náðu stjórnvöld samkomulagi við Starfsgreinasamband Íslands og Samtök fiskvinnslustöðva um að draga úr endurgreiðslum til fiskvinnslufyrirtækja í hráfnisskortum en tryggja áfram starfsöryggi fiskvinnslufólks. Í árslok 2012 voru lögfestar breytingar á lögum nr. 51/1995 í samræmi við samkomulagið. Falli lögin brott mun það hafa áhrif á um helming fiskvinnslufyrirtækja, sem hafa ekki tök á að verða sér út um hráefni hluta úr árinu, og starfsfólk þess. Þá munu alfarið gilda ákvæði kjarasamninga.

Virðingarfyllst

f.h. Samtaka atvinnulífsins